



Nefndasvið Alþingis,
Sjávarútvegsnefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.


Reykjavík 17. febrúar 2005

Efni: Umsögn um breytingu á lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, mál 362.

Með frumvarpinu er verið að breyta texta laganna til samræmis við þær breytingar sem urðu á lögunum þegar sóknardagakerfið var aflagt. Sömuleiðis eru tilvísanir til annarra lagagreina sem eru ekki lengur í gildi feldar niður.

Með þessu frumvarpi er einnig gert ráð fyrir því að gildandi heimild til þess að ákvarða að hluti afla teljist ekki til aflamarks samkvæmt gildandi reglum þar um verði varanleg. Einnig er kveðið á um það í frumvarpinu að núverandi heimild ráðherra til ráðstöfunar þorskkvóta til þorskeldis gildi til loka fiskveiðiársins 2009/2010.

Vélstjórafélag Íslands hefur ekki fram að færa athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt,
f.h. Vélstjórafélags Íslands,


Helgi Laxdal, formaður